

Seltjarnarneskaupstaður  
Ólafur Melsted,  
framkvæmdastjóri  
Bygggörðum 1  
170 Seltjarnarnes

Umhverfisstofnun
Áb. _____
02 APR 2009 54.22
Tilv. _____



Reykjavík, 24. mars 2009  
Tilvísun: UST20090100173/ksj; ks

### Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarness 2006-2024, svæði fyrir þjónustustofnanir við Kirkjubraut

Vísað er til erindis framkvæmdastjóra tækni- og umhverfissviðs Seltjarnarneskaupstaðar er barst 27. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarness 2006-2024.

Í breytingartillögunni felst eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir því að vestan Kirkjubrautar breytist opið svæði til sérstakra nota í svæði fyrir þjónustustofnanir. Svæðið kemur í beinu framhaldi af svæði fyrir þjónustustofnanir norðan við viðkomandi reit. Stækkun svæðis fyrir þjónustustofnanir er um 6000 m<sup>2</sup>.
- Á svæðinu er gert ráð fyrir hjúkrunarheimili.
- Nýtingarhlutfall á fyrirhugaðri lóð verður 0,5.

### Náttúruminjar

Ofangreint svæði fyrir þjónustustofnanir mun ná inn á svæði á náttúruminjaskrá sem er númer 121 í skránni en þar segir: „*Valhúsahæð, Seltjarnarnesi. Kollur Valhúsahæðar, ofan Skólabrautar og Stranda. Útivistarstaður og útsýni í þéttbýli.*“


### Byggingarreitur


Í greinargerð er fylgiprójekt kemur fram að þótt að lóð hjúkrunarheimilis nái inn á svæði á náttúruminjaskrá, muni byggingin sjálf ekki ná inn á það svæði. Einnig kemur fram í greinargerð að leitast verði við að væntanleg bygging falli sem best að landslagi og skerði sem minnst útsýni af Valhúsahæð.

**Niðurstaða**

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreindar breytingar á aðalskipulagi Seltjarnarness 2006 – 2024, enda verði staðið að framkvæmdum í samræmi við það sem fram kemur í greinagerð með erindinu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun

